

Skólapúlsinn

Foreldrakönnun var framkvæmd dagana 1. febrúar til 1. mars 2022. Þýðið var allir foreldrar skólans og var úrtakið 121 aðili, svarhlutfall var 77,7%. Könnunin mælir 41 þátt í sex flokkum og eru spurningar 70 talsins. Boðið var uppá að taka könnunina á þremur tungumálum, íslensku, pólsku og ensku og tekur um 10 mínútur að svara. Öryggismörk í marktæktarprófum voru 90%. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar

Niðurstöður könnunar þar sem vel er gert;

- Foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans og eru 94,2% foreldra á því að honum sé vel stjórnað. Er þessi matsþáttur 2,7% yfir landsmeðaltali.
- Þegar kemur að þeim matsþætti er skoðar hversu vel skólinn mætir þörfum nemenda þá eru foreldrar mjög jákvæðir. Um 91,8% telja að vel sé komið til móts við þarfir nemenda og er skólinn 2.7% yfir landsmeðaltali.
- Um 94,6 % foreldra telja að líðan nemenda í kennslustundum sé góð. Það er umtalsvert hærra en landsmeðaltal sem er 92,3% þar hefur skólinn hækkað á frá síðustu könnun um 7,1% sem er ákaflega jákvætt

Niðurstöður þar sem úrbóta er þörf;

- Um 50,7% foreldra upplifa að þeir hafi áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í skólanum varðandi börn sín. Í þessum lið er Lágafellsskóli um 9,0% undir landsmeðaltali og hefur lækkað frá síðustu könnun um 13,6%
- Um 48,8% foreldra segjast hafa tekið þátt í gerð námsáætlana fyrir börn sín. Er það 7,9% undir landsmeðaltali og hefur þessi matsþáttur lækkað frá síðustu foreldrakönnun um 14,5%
- Foreldrar eru spurðir hvort leitað sé eftir þeirra tillögum og ábendingum og hvort þær séu teknar til greina. Um 66,1% foreldra upplifir að svo sé gert en þó er skólinn undir landsmeðaltali um 3,1%

Niðurstöður Skólapúlsins komu heilt vel út fyrir Lágafellsskóla. Þó eru nokkrir matsþættir sem þarf að skoða og gera úrbætur á. Það er áberandi að þeir þættir sem helst þarf að vinna með og bæta snúa að foreldrasamstarfi. Þar er úrbóta þörf og getur allt starfsfólk skólans gert betur. Það þarf að fá foreldra meira að borðinu þegar snýr að námi barna sinna, það þarf að upplýsa foreldra betur og fá þá í samstarf með hag nemandans að leiðarljósi.